

FUNDARGERÐ

355. fundar stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík haldinn 29. janúar 2015 kl. 14.30 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4 í Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Bryndís H. Torfadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Esther Ú. Friðbjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Hrafnkell Ársælsson, Niels Árni Lund, Ragnhildur Guðmundsdóttir. Forföll boðaði Sighvatur Björgvinsson. Einnig sat fundinn Gísli Jafetsson, sem ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð 354. fundar sem haldinn var 13. janúar, samþykkt.
2. Aðalfundur – undirbúningur – dagskrá
 - Nefndir eru að skila skýrslum
 - Rætt um staðsetningu fundar og er reiknað með að fundurinn verði haldinn í Ásgarði sem fyrr
 - Uppstillingarnefnd hefur skilað sínu og liggur listi hennar frammi á skrifstofu
3. Fjármál
Félagsmenn nú eru rétt um 9.000 talsins.
Rætt um breytingu félagsgjalda og fór Þórunn yfir og útskýrði töflu sem dreift var með mismundandi félagsgjöldum og fjölgun félagsmanna og hvað mismundandi breyting hefði að segja fyrir tekjur félagsins. Það kom einnig fram að árgjald hefur verið óbreytt síðan árið 2013 er það hækkaði um 6%. Rætt um að leggja til við aðalfund að árgjald félagsmanna verði kr 3.800 fyrir árið 2015 en málið verður afgreitt á næsta fundi stjórnar.
4. Starfamannmál
Undir þessum lið vék Gísli Jafetsson af fundi.
Gengið frá fastráðningu Gísla sem framkvæmdastjóra FEB og staðfestingu launa og kjara eins og fram kemur í ráðningarsamningi við hann.
5. Öldungaráð Reykjavíkurborgar
Tilnefning í Öldungaráð samkvæmt samþykktum um ráðið er gert ráð fyrir að FEB tilnefni einn af fimm fulltrúum í ráðið. Aðrir fulltrúar komi frá borginni 2 og einn frá Samtökum aldraðra og einn frá U3A. Samtals fimm og jafnmörgum til vara.
Samþykkt að Þórunn formaður fari þarna inn sem fulltrúi félagsins en vinna þarf að því að FEB fái fleiri fulltrúa þarna inni m.v. fjölda félagsmanna og þá starfsemi sem félagið innir af hendi. Ræða þarf frekar um annan fulltrúa m.a. með tilliti kynjakvóta.
6. Afsláttarbókin
Samþykkt að í bókinni verði síða þar sem fram komi eingöngu þau fyrir fyrirtæki/aðilar sem FEB hefur gert sérsamning við.
Umræða um hvort gera eigi félagsskírteinið úr plasti líkt og greiðslukort. Nokkrir annmarkar þar á m.e. kostnaður og minni sveigjanleiki skrifstofu við að framleiða ný og að endurgera kort fyrir glötuð.
7. Nýjungar
Þórunn fór yfir fund sem hún og Gísli áttu nýlega með Wilhelm W G Wessman í framhaldi af tölvupósti frá honum þar sem Wilhelm lýsir yfir ánægju með afsláttarkjör félagsins t.d. nýlegum samningum við Olís, jafnframt vill hann sjá er að FEB beiti sér meira í hagsmunamálum félagsmanna eins og heilsuefningu og forvörnum aldraðra. Birna leggur til að farið verði í þetta mál og leitað samráðs víða.
„Öruggeri ári“ Kynning á slysvörnum í heimahúsum í samstarfi við Landsbjörg og Öryggismiðstöðina verður 5. febrúar n.k. kl. 16.00. Frekar samstarf aðila í farvegi þar sem undirbúnar verði heimsóknir til allra 76 ára í Reykjavík. FEB mun kynna það.

8. Önnur mál

* Níels Árni greindi frá komandi Sparidögum á Hótel Örk með ósk um að tilkynning sem hann útbýr verði sett inn á feb.is.

* Sjálfboðaliðagleði samþykkt 13. febrúar

* Ragnhildur vildi vekja athygli á grein Ernu Indriðadóttur um „Aldursfordóma á Íslandi“ sem birtist í Fb og í Lífðu núna

* Samþykkt tillaga Hrafns Magnússonar: „Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík fagnar ákvörðun Reykjavíkurborgar um að gera Friðrik Ólafsson að heiðursborgara Reykjavíkur“.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið um kl. 16.15.